



Verum bleik - fyrir okkur öll

Selfosskirkja umvafin bleikum ljósbjörma í tilefni af bleikum október. Ljósmynd: Birkir Pétursson.

Í október á hverju ári fer fram löðun til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini. Einstaklingar, krabbameinsfélögin, sveitarfélög og fyrirtæki standa fyrir margvíslegum upptökum í bleikum október, auk þess að lýsa upp mannvirki með bleikum ljósum til áminningar

um átakið, en söfnunin nær hámarki á bleika daginn, þann 20. október nk. Sala á bleiku slaufunni hófst þann 1. október en hönnun slaufunnar í ár er innblásin af samstöðu og minnir á að krabbamein snertir okkur öll einhvern tíma á lífsleiðinni. Slaufan í ár er samansett úr

mörgum steinum sem eru ólíkir í lögun og tákna þannig margbreytileika okkar og þéttan stuðning samfélagsins. Bleiki liturinn er táknrænn fyrir þessa samstöðu í baráttunni gegn krabbameini hjá konum. Verum bleik – fyrir okkur öll. HGL

Hætta eldsneytissölu við Litlu kaffistofuna



Ljósmynd: Litla kaffistofan Hjá Hlöllu

Olís hefur, frá og með síðustu mánaðamótum, lagt niður eldsneytissölu við Litlu kaffistofuna á Suðurlandsvegi. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Olís.

Gildandi starfsleyfi rann út 30. september og ekki reyndist unnt að endurnýja starfsleyfið nema til kæmu verulegar fjárfestingar við enduruppbyggingu afgreiðsluvæðisins.

Litla kaffistofan var stofnuð árið 1960 og frá þeim tíma hefur jafnframt verið rekin eldsneytisafgreiðsla við hlið hennar. Í dag er veitingastaðurinn Hjá Hlöllu rekinn í húsnæði Litlu kaffistofunnar og mun staðurinn halda starfsemi sinni áfram með óbreyttu sniði.

Í tilkynningunni þakkar Olís öllum rekstraraðilum Litlu kaffistofunnar fyrir gott samstarf undanfarna áratugi og biðjast velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda viðskiptavinum en benda á þjónustustöð sína í Norðlingaholti sem er staðsett um 14 km vestan við Litlu kaffistofuna. HGL



Árni Bergþór Hafdal Bjarnason og Guðný Sif Jóhannsdóttir við opnunina. Ljósmynd: Dagskráin/Helga Guðrún.

„Groovís fyrir fullorðna“ Fröken Selfoss opnar í miðbæ Selfoss

Boðið var til opunarveislu á Fröken Selfoss, glæsilegum nýjum veitingastað í miðbæ Selfoss á fimmtudaginn í síðustu viku, en staðurinn opnaði formlega föstudaginn 29. september.

Opnunin markar tímamót í miðbænum, en með henni er formleg starfsemi hafin í öllum verslunar- og þjónusturýmum í þessum fyrsta áfanga. Fröken Selfoss er staðsett á neðra Brúartorgi, við hlið Messans og gegnt Sviðinu.

Eigendur Fröken Selfoss eru nýbókuðu hjónin Árni Bergþór Hafdal Bjarnason og Guðný Sif Jóhannsdóttir, sem gengu í hnapphelduna fyrir tveimur vikum. Árni og Guðný hafa komið af krafti inn í veitingasenu á Selfossi undanfarna misseri, en þau reka meðal annars Samúelsson Matbar í Mjólurbúinu og ísbúðina Groovís.

Stemningin var frábær við opnun þessa stórbrotna

veitingastaðar sem hannaður var af Leifi Welding, en Leifur hefur hannað fjölmarga veitingastaði, þeirra á meðal Apótekið, Grillmarkaðinn og Sushi Social í Reykjavík.

Staðurinn er einstakur á landshlutanum, en á Fröken Selfoss er sérstök áhersla lögð á fjöruga stemningu, fjölbreytta smárétti, áhuga-verða framsetningu og frumlega kokteila sem ánægðir gestir gæddu sér á við góðar undirtektir í kvöld. Til að byrja með verður boðið upp á fjögurra og sjö rétta kynningarmatseðla á kynningarverði.

Það má með sanni segja að hér sé um að ræða glæsilega veitingaupplifun og kærkomna viðbót við veitingaflóru Sunnlendinga, eða eins og Árni orðaði það svo vel í ræðu sinni í opunarveitinu: „Groovís fyrir fullorðna“.

HGL

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is

FULL BÚÐ AF NÝJUM HAUSTVÖRUM

VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN!

Motivo

VERZLUN

BRÚARSTRÆTI 3 SELFOSSI S.4821700 MOTIVO.IS

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)

Félög eldri borgara í Uppsveitum óska eftir úrbótum í heilbrigðisþjónustu

Félög eldri borgara í Biskupstungum, Laugardal, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi hafa sent frá sér yfirlýsingu, undirritaða af formönnum félaganna, þar sem þau skora á stjórn HSU, allar sveitarstjórnir í Uppsveitum Árnessýslu, Landlæknisembættið, Heilbrigðisráðuneytið og heilbrigðisráðherra, auk innviðaráðherra að þau taki öll höndum saman og vinni hratt og vel að öryggi íbúa, sumarhúsaeigenda, ferðamanna og ekki síst eldri borgara með því að tryggja og verja stöðu heilsgæslunnar í Uppsveitum, fast-ráða lækna og tryggja bakvaktir þeirra í Laugarási, tryggja fasta viðveru sjúkrabíla og bráðaliða

allt árið um kring. Þá biðla þau til fyrrgreindra aðila að fylgja Heilbrigðisstefnu til ársins 2030 þar sem m.a. kemur fram: „Til að tryggja að heilbrigðisþjónustan sé í samræmi við þarfir og væntingar notenda þarf að kanna reynslu og viðhorf notenda reglubundið með þjónustukönnunum.“

HGL

Fjölskylduskátar Fossbúa

Fjölskylduskátar Fossbúa hafa nú verið starfræktir í rúmt ár. Fjölskyldurnar hafa upplifað ýmis ævintýri í náttúrunni. Þau fóru til dæmis upp á topp Knarrarósvita á ísköldum vetrardegi, blotnuðu í lappirnar í Fuglafriðlandinu í Flóa, gerðu vísindatilraunir, lærðu að umgangast varðeld, sungu skátalög og fóru í óteljandi leiki. Á næsta fundi, 7. október, verður farið í ratleik um Hellisskóg.



yngr systkini koma líka oft með og hafa gaman af starfinu á sinn hátt. Það er pláss fyrir öll í Fossbúum!

Ævintýri, náttúra og samvera

Markmiðið með starfinu er úti-vist, samverustundir fjölskyldunnar og sjálfstæði ungra barna. Krakkarnir þróa færni sína við að leysa þrautir, hreyfa sig í náttúrulegu umhverfi og æfa samskipti við fólk á breiðum aldri. Á fundum læra fjölskyldumeðlimir ekki síst að treysta á getu barnanna til að prófa sig áfram, gera mistök og læra af þeim. Yfirskrift fjölskylduskáta á Íslandi er: Ævintýri, náttúra og samvera.

Alltaf úti (næstum)

Skátafundir Fossbúa hefjast alltaf við Skátaheimilið Glæðheimi, Tryggvagötu 36, Selfossi. Dagsskráin fer nánast alltaf fram

utandyr. Það er nauðsynlegt að koma vel klædd og það á líka við um fullorðna fólkið. Oftast nýtum við nærumhverfið en stundum sameinumst við í bíla og förum í fjöruna, skóginn eða á aðra staði í nágrenni Selfoss.

Taktu þátt!

Ef þú vilt prófa fjölskylduskáta skaltu grípa tækifærið og hitta okkur í Glæðheimi á laugardaginn 7. október klukkan 10:30. Þegar allir eru mættir keyrum við í Hellisskóg, förum í ratleik (og hver veit nema við grillum sykarpúða í hellinum). Fundirnir eru vanalega frá 10:30 til 12:00 einn laugardag í mánuði. Dagskrá haustsins má finna á facebook síðu Fossbúa.

Frekari upplýsingar veitir Vala Hauksdóttir, sveitarforingi Fjölskylduskáta Fossbúa í síma 864 6002.

6. - 7. OKTÓBER

ECCO DAGAR

20% AFSLÁTTUR

Offroad
14.396 kr. / 17.995 kr.

Gruuv
20.796 kr. / 25.995 kr.

Citytray
19.196 kr. / 23.995 kr.

Biom K2
15.196 kr. / 18.995 kr.

Dress Classic
14.396 kr. / 17.995 kr.

Metropole Zurich
20.796 kr. / 25.995 kr.

Sérfræðingur frá ECCO verður á staðnum á föstudeginum

Sportbær
SKÓBÚÐ SELFÖSS

NÝR LITUR
GETUR BREYTT
RÝMINU

-30%
AF ALLRI
INNIMÁLNINGU

4L. KÓPAL 10

Vatnsþynnanleg
lyktarlaus plastmálning
sem hylur einstaklega vel
og ýrist lítið við rúllun

NÚNA -30%**6.507**

9.295



2,7L. ALLE ROM mött,
þvottheldinn akrýl innimálning
sem auðvelt er að þrifa án
þess að blettir myndist

NÚNA -30%**5.877**

8.395

OPIÐ VIRKA DAGA 8-18
LAUGARDAGA 10-14

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



Þjóðbúningamessa í Villingaholtskirkju

Sunnudaginn 15. október kl. 14.00, verður haldin þjóðbúningamessa í Villingaholtskirkju. Sóknarnefnd hefur á undanförmum árum reynt að halda þjóðbúningamessu reglulega, þar sem gaman er að skapa nýjar hefðir.

Allir eru hjartanlega velkomnir til messu, en öll sem eiga þjóðbúninga síns lands

eru hvött til að koma til messu í þeim. Að lokinni messu verður messukaffi í Þjórsárverum, svokallað Pálinuboð, þar sem allir leggja til veitingar á sameiginlegt hlaðborð, kaffi og djús verður í boði. Prestur er sr. Ása Björk Ólafsdóttir, organisti Guðmundur Eiríksson, kór Hraungerðis- og Villingaholtskirkna leiðir söng.

Fjórtán tonna hertrúkkur stórskemmdur vegslóða í Þjórsárverum

Pete Ruppert, þýskur ferðamaður, deildi á dögunum myndböndum á YouTube rás sinni, sem hefur um 550.000 fylgjendur, þar sem hann ók fjórtán tonna Mercedes Zetros hertrúkki á vegslóða fyrir létta bíla í Tjarnarverum í Þjórsárverum og pikkfesti hann, með tilheyrandi skemmdum á jarðveginum. RÚV greindi fyrst frá.

Pete hefur ferðast víða um landið ásamt félaga sínum. Í samtali RÚV við Jón G. Snæland, félaga í Ferðafrelsi sem hefur komið að kortlagningu slóða á hálendinu ásamt Landmælingum, skipulagt jeppaferðir í áratugi og skrifað um það bækur, segir Jón málið alvarlegt, jeppi ferðamannsins hafi sokkið víða og fest sig. „Hann er fyrst og fremst að skoða Ísland bara á öðrum forsendum en við viljum að hann geri. Hann er náttúrulega að keyra svolítið víða utanvegar, svona svolítið ruddalega á mjög þungum bíl,“ segir Jón. Þá segir hann standa til að láta Umhverfisstofnun vita en samkvæmt heimildum RÚV hafði lögreglan á Suðurlandi ekki frétt af svæðilför þýsku ferðalanganna fyrir gærðaginn.

Sveinbjörn Halldórsson, formaður Ferðaklúbbsins 4x4 og Samút, samtaka útivistarfélaga hefur gefið út yfirlýsingu vegna aðfaranna þar sem hann segir félaga Ferðaklúbbsins harmi slegna yfir því framferði sem birtist í myndböndum Pete.

„Ljóst er að þarna eru unnar umtalsverðar skemmdir á nátt-



Mynd: Youtube.com/Pete Ruppert UNIVERSE

úru okkar, slóðum og vegum á hálendinu. Myndböndin bera með sér að þarna er engin virðing borin fyrir því hve náttúran er viðkvæm og böðlast í gegnum slóða og troðninga auk þess sem vísitandi er ekið utan slóða. Aðilar sem aka um á 14 tonna truckum þurfa að sýna sérstaka aðgát og geta í raun ekki keyrt hvar sem er, enda undirlag víða mjúkt á hálendinu. Við höfum haft samband við Umhverfissráðuneytið og munum hafa samband við Umhverfisstofnun til að óska eftir að málið verði skoðað og vonandi gefinn út kæra. Svona viljum við ekki láta viðgangast hér á landi og alls ekki auglýsa landið á þennan máta. Vonandi bregðast yfirvöld við þessu til að fólk sjái að við líðum ekki svona traðk á náttúrunni.“

Þrátt fyrir augljós skemmdarverk er Pete ekki feiminn við að birta myndböndin sem sýna hann tæta upp og stórskemma landið með þunga truckinum

og þeim tækjum og tólum sem til þurfti til að losa hann, en það tók Pete og ferðafélaga hans þrjá daga að ná trucknum áfram veginn hjá Tjarnarverum. Í umræðu sem á sér stað á Facebook síðu Ferðafrelsis setur einn ummælenda inn skjáskot af svari Petes við gagnrýni þar sem hann kennir lélegum merkingum Íslendinga um að jeppar fari um eða tapi áttum. Hann bætir við að hann hafi ekki í hyggju á að heimsækja landið aftur, enda okri það á ferðamönnum, veiti lélega þjónustu og veiði hvali, sem hann segir skömm gagnvart sköpun guðs.



Skannið QR-kóðann til að sjá myndbandið.



OPIN SÖNGSTUND

MEÐ KIRKJUKÓR SELFOSKIRKJU
SUNNUDAGINN 8. OKTÓBER
KL. 18:00

SUNGIN VERÐA LÖG EFTIR
BJÖRGVIN Þ. VALDIMARSSON.

KAFFI & KONFEKT.

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG
Í SELFOSKIRKJU.

Kristín Þórðardóttir sett sýslumaður í Vestmannaeyjum

Dómsmálaráðherra hefur sett Kristínu Þórðardóttur, sýslumanninn á Suðurlandi, tímabundið sem sýslumann í Vestmannaeyjum, frá 1. október til og með 30. september 2024. Tílefni setningarinnar er beiðni Arndísar Soffíu Sigurðardóttur, sem var skipuð í embætti sýslumannsins í Vestmannaeyjum frá 1. apríl 2020, um lausn frá embætti. Þetta kemur fram í tilkynningu á vef Stjórnarráðsins.

Kristín Þórðardóttir mun gegna báðum embættunum á framangreindu tímabili.

Sú ákvörðun að setja sýslu-

mann yfir tvö embætti samræmist áherslum ráðherra í mállefnum sýslumanna, þ. á m. að unnið verði að því að fella niður áhrif umdæmismarkna gagnvart almenningi. Á sýslumannadeginum 22. september sl., sameiginlegum fræðsludegi sýslumannsembættanna, tilkynnti ráðherra starfsfólki embættanna að hún hygðist fylgja eftir fyrri stefnumótunarvinnu og að setningar sýslumanna í laus embætti væri leið sem hún hefði áhuga á að nýta sér til að ná þeim markmiðum sem stefna málaflokksins byggir á.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-hóf:
Páll Jónsson
Útg. Bókauktgáfan HÖLAR

Á það Blesi ólmur fór,
yfir hafið brunar stór.
Orðið merkir ævibíll,
eg með henni borða vil.

Svar við gátu í blaði 2720: STÁL
2. (S)tál - 3. Bergstál
4. Til að stála (brýna) hnífa með



Gróðurhús óska eftir nýjum dvalarstað.

Gróðurhús sem hýst hafa Blómaval við Eyraveg á Selfossi þurfa að færa sig um set og óska eftir framhaldslífi á nýjum stað.

Byggingin er samtals 702 fermetrar og samanstendur af stálgrind og plexigleri, en þó er hluti veggja með einangrunargleri.

Eldri hlutinn var byggður árið 2001 og er tvær burstir, en yngri hlutinn var byggður árið 2006 og er ein og hálf burst. Framleiðandi yfirbyggingar er Viemose-Driboga.

Byggingin er grunduð á staðsteyptum sökklum og er yfirbygging/stálgrind boltuð ofan á steypu sökklana. Ekki ættu að vera vandkvæði við að losa yfirbygginu af sökklum, taka húsið niður og nýta á annarri lóð. Framkvæmdir til flutnings geta hafist í byrjun janúar 2024.

Nánari lýsing:

- Ytri mál sökkla á eldri hluta er um 19,9m x 20,7m en ytri mál sökkla á yngri hluta er um 14,9m x 20,7m.
- Mænishæð frá gólfi og upp að efsta punkti er um 5,25m.
- Opnanlegir þakgluggar með rafmóturum sem eru bæði með sjálfvirkri og handvirkri hitastýringu. Stýribúnaður glugga frá CWO Volmatic og Senmatic.
- Þrjár tvöfaldar útihurðir úr áli. (1x rennihurð með rafrænni opnun og 2x hliðhengdar hurðir).
- Ein tvöföld innihurð úr áli, sjálfvirk rennihurð.
- Hitablásarar auk tengdra lagna
- Kælieining í blómakæli fylgir ekki með í söluferli
- Vatnsúðakerfi
- Uppsettir lampar, meginhluti eldri flúrljós en ein lína með LED lömpum
- Neyðarlýsingarlampar og ÚT-ljós
- Lágspennulagnir og netstigar

➤ Óskað er eftir tilboðum í yfirbyggingu ásamt því lausafé sem fylgir með. Vinsamlegast sendið tilboð á netfang gudrun@eik.is og saevar@eik.is.



➤ Allar nánari upplýsingar veita:

Sævar Bjarnason

saevar@eik.is, 844-1965

Guðrún Álfheiður Thorarensen,

gudrun@eik.is, 867-0008

EIK

Helga Jóhanna ferðapjónustubóndi nýr formaður FKA Suðurlandi

Helga Jóhanna Úlfarsdóttir var kosin formaður á aðalfundi FKA Suðurland sem haldinn var í Rauða húsinu Eyrabakka. Helga Jóhanna er eigandi Heima Holiday Homes, er ferðapjónustubóndi á Skeiðum í uppsveitum Suðurlands.

„Við höldum áfram góðu starfi FKA Suðurlands er kemur að sýnileika, tengslaneti og að hafa áhrif á samfélagsumræðuna,“ segir Helga Jóhanna sem var með framboðsræðu á

netinu þar sem hún var stödd erlendis.

Í nýrri stjórn sitja ásamt Helgu Jóhönnu þær Íris Brá Svavarsdóttir, Íris Tinna Margrétardóttir, Ingunn Jónsdóttir, Ragna Gunnarsdóttir og ný inn í stjórn er Jessi Kingan og varakona ný í stjórn er Aníta Dís Káradóttir.

Stækkandi deild á öflugum svæði
FKA Suðurland er skipað ríflega 80 konum sem koma úr fjölbreyttum starfsgreinum

á Suðurlandi og fer þeim ört fjölgandi. „Við komum til með að virkja fleiri konur á svæðinu en líka vera duglegar að sækja aðra viðburði hjá FKA. Laufey Guðmundsdóttir stóð sig frábærlega og flestar úr fyrri stjórn halda áfram þannig að þetta verður frábært,“ sagði Helga Jóhanna sem var með framboðsræðu á netinu þar sem hún var stödd erlendis sem og Íris Brá Svavarsdóttir sem fylgdist með fundinum á netinu og heldur áfram í stjórn FKA Suðurlandi.



Fundurinn fór fram í Rauða húsinu Eyrabakka í mildu veðri.

vinnulífina með jákvæðri nálgun og gleði í fyrirrúmi. Haldnir eru áhugaverðir viðburðir, bæði í samvinnu við aðrar deildir FKA og viðburðir sérsniðnir að félagskonum á svæðinu. Farið er í heimsóknir í fyrirtæki kvenna, fræðsluviðburðir haldnir og fyrirlesarar bæði aðfengnir eða úr hópi félagskvenna á Suðurlandi.



Helga Jóhanna Úlfarsdóttir ferðapjónustubóndi á Skeiðum, formaður FKA Suðurlandi og eigandi Heima Holiday Homes.

Fundurinn fór fram í Rauða húsinu Eyrabakka, fundarstjóri var Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands og gestur fundarins Elínborg Telma Ágústsdóttir með erindið „Kona býr til podcast – Nýhugsun“.



Landsbyggðadeildir Félags kvenna í atvinnulífina hringinn í kringum landið

Hlutverk landsbyggðadeilda inna Félags kvenna í atvinnulífina er að efla konur í öllum landsbyggðum og styrkja tengslanet nærumhverfis. Finna má landsbyggðadeildir félagsins hringinn í kringum landið. FKA Suðurland vill efla konur til ábyrgðar og þátttöku í at-



Orlofshús Bárunnar um jól og áramót 2023

Báran stéttarfélag, auglýsir orlofshús félagsins laus til umsókna fyrir jól og áramót, vikurnar:

20. desember 2023 – 27. desember 2023

27. desember 2023 – 3. janúar 2024.

Umsóknarfrestur verður frá 4. október til 31. október nk.

Hægt verður að sækja um á Orlofssíðu Bárunnar, einnig verður hægt að fá aðstoð við umsóknarferlið á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56, 800 Selfoss eða í síma þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna, 480 5000.

Úthlutun orlofshúsa mun liggja fyrir þann 3. nóvember nk. Öllum umsóknum verður svarað.

Verð á vikudvöl í þverlág 2, 4 og 6, Grýluhrauni og í orlofsíbúð á Akureyri er 22.000 kr. (12 punktar).

Leigutímabil er frá miðvikudegi til miðvikudags. Íbúðin Sóltúni 28, Rvk. verður í sveigjanlegri leigu eins og verið hefur.

Báran, stéttarfélag

Austurvegi 56, 800 Selfoss
sími 480 5000 - baran@baran.is
<https://www.baran.is>



Jólahlaðborð í sveitakyrrið

Einstök upplifun á aðventunni í hlýlegu umhverfi.

Jóla kvöldverður 10.500 kr.

TILBOÐ Á MAT OG GISTINGU

17.000 kr. á mann í 2ja manna herbergi

20.900 kr. fyrir eins manns herbergi

Innfalið er jóla kvöldverður ásamt morgunverðarhlaðborði.

24. og 25. nóvember

1. og 2. desember

8. og 9. desember

Nánari upplýsingar

og borðapantanir á

info@eldhestar.is



Eldhestar, Vellir, 816 Ölfus • 480 4800 • info@eldhestar.is • www.eldhestar.is

TM

Þjónusta TM er hugsuð fyrir þig

Á **tm.is** og í **TM appinu** getur þú gengið
frá öllum tryggingum hvar og hvenær
sem þér hentar.

Markaðs- og kynningarfulltrúi



Rangárþing ytra óskar eftir að ráða öflugan og drífandi einstakling í starf markaðs- og kynningarfulltrúa. Um fjölbreytt og margþætt framtíðarstarf er að ræða sem krefst góðrar færni á ýmsum sviðum, m.a. í tengslum við umsjón viðburða, kynningar- og útgáfumál og ritstjórn heimasíðu sveitarfélagsins. Starfshlutfall er 100%.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á og umsjón með markaðs-, upplýsinga- og kynningarmálum sveitarfélagsins
- Verkefnastjórnun og umsjón með framkvæmd viðburða, s.s. Töðugjöld, 17. júní á Hellu og árshátíð sveitarfélagsins
- Umsjón með vef- og samfélagsmiðlum sveitarfélagsins
- Þátttaka í markaðs-, menningar- og jafnréttismálanefnd og öðrum nefndum eftir atvikum
- Samskipti við ýmsa hagsmunaaðila
- Önnur tilfallandi sérverkefni, s.s. á sviði ferðamála, stefnumótunar og skýrslugerðar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Menntun og/eða reynsla á sviði viðburða- og verkefnastjórnunar er kostur
- Þekking á svæðinu og nærsamfélaginu er æskileg
- Reynsla af umsjón og uppbyggingu vefsvæða er kostur
- Þekking eða reynsla af framsetningu kynningarefnis er kostur
- Framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og góðir skipulagshæfileikar
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti er skilyrði

Hjá Rangárþingi ytra starfa um 150 manns hjá hinum ýmsu stofnunum en skrifstofa sveitarfélagsins er staðsett á Hellu. Nánari upplýsingar um Rangárþing ytra má finna á **www.ry.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **16. október**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknir gilda í sex mánuði frá dagsetningu auglýsingar. Allir áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veita Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

Tónskóli Mýrdalshrepps auglýsir eftir píanókennara og orgelleikara



Ertu píanó og orgel snillingur sem getur spilað Mozart, Verdi, Rossini, íslenskt / erlend pop / rock lög og tilbúinn í spennandi starf næsta vetur og til framtíðar í einni af fallegustu perlum á Íslandi? Þá erum við að leita af þér!

Okkur í Vík vantar píanókennara sem getur sinnt píanókennslu / meðleik við Tónskóla Mýrdalshrepps og orgelleik við messur í kirkjum Mýrdalshrepps. Um er að ræða 40% starf við kennslu í Tónskóla Mýrdalshrepps og verktakavinnu í orgelleik.

Kennslan fer fram á **þriðjudögum** og **fimmtudögum** í Tónskóla Mýrdalshrepps á Sunnubraut 7, Vík. Sömuleiðis verður kirkjustarf á þessum dögum. Laun skv. kjarasamningum KÍ/FT og FÍH.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af kennslu
- Háskólapróf í tónlist æskilegt eða tónlistarnám sem nýttist í starfi
- Frumkvæði í starfi og lipurð í samskiptum

Umsóknarfresur er til 13. október nk.

Áhugasamir hafi samband í tölvupósti tonskoli@vik.is eða í síma 8945254

Alexandra Chernyshova, skólastjóri
Fyrirspurnum um orgelleik svarar
séra Árni Þór Þórsson í síma 8681924

We are looking for a piano teacher at our Music school in Vík.

If you are interested, please contact us by email tonskoli@vik.is or phone 8945254

Alexandra Chernyshova, director

Menntun og velsæld barna í fyrsta sæti

Sveitarfélag í örum vexti er eins og unglingur með vaxtarverki. Unglingurinn er hvattur áfram í þeirri vissu að þetta sé tímabil sem komast muni yfir, það er hlúð að honum eins og frekast er unnt. Framkvæmdir við þriðja áfanga stækkunar grunnskólans í Hveragerði eru vel á veg komnar. Þegar þetta er ritað eru nemendur við skólann 445 talsins, fjölgun nemenda nam 10% árið 2021 og 5,6% árið 2022. Haustið 2025 er von á stórum árgangi í 1. bekk eða nemendafjölda sem nemur þremur bekkjum í árgangi.

Í áfanga þessum sem nú er byggður er mótuneyti skólans stækkað en í dag skiptist hádegishlé í fimm holl, auk þess að nemendur í 2. og 5. bekk borða þrjá - fjóra daga í sinni heimastofu. Í þriðja áfanga bætist við auk mótuneytis, sér-

fræðingarými, aðstaða skólahjúkrunarfræðings, sér- og stuðningsdeild, aðstaða fyrir starfsfólk mótuneytis, salur og þrjár minni kennslustofur. Þriðji áfangi Grunnskólans í Hveragerði er hluti af fjárfestingaráætlun bæjarins fyrir árin 2023-2026. Áætlunin var samþykkt, á 555. fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar þann 8. desember 2022, með fimm atkvæðum meirihluta Framsóknar og Okkar Hveragerðis en minnihlutinn D- listi sat hjá við afgreiðsluna.

Nemendur, starfsfólk, stjórnendur og aðrir hagaðilar hafa sýnt mikið æðruleysi gagnvart þeim húsnaðisskortri sem við búum við í dag og eiga miklar þakkir skyldar fyrir samstarfsviljann. Allir hafa lagst á eitt við það að láta hlutina ganga upp og þreyja þorrann þar til



aðstaðan verður betri en áætluð verklok stækkunar grunnskólans í Hveragerði er árið 2025. Menntun og velsæld barna er í fyrsta sæti!

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir,
formaður bæjarráðs og oddviti
Framsóknar í Hveragerði

Sorpmál og rekstur í brennidepli

Það hafa verið líflegar umræður um sorphirðu á Íslandi undanfarna mánuði í kjölfar þess að öllum sveitarfélögum varð skylt að auka flokkun við heimili. Sveitarfélögin komin mislangt og ekki óeðlilegt að einhverjir hnökra séu fyrstu mánuðina. Í Sveitarfélaginu Árborg höfum við flokkað pappu, plast, málma, lífrænt og almennt sorp við heimilin svo breytingin hefur ekki verið eins umfangsmikil og t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Það eru þó eðlilega áskoranir sem koma upp í okkar samfélagi þar sem starfsmenn sveitarfélagsins hafa gert vel í að finna lausnir og aðlagu reglur að nýju lögunum.

Breyting á lífrænum pokum

Sveitarfélagið Árborg sendir í dag mest allan lífrænan úrgang

í GAJA, gas- og jarðgerðarstöð í Reykjavík. Frá og með næstu áramótum mun GAJA hætta móttöku maíspoka með lífrænum úrgangi og því þarf sveitarfélagið að breyta reglum um flokkun þar sem pappírspokar eru teknir inn fyrir maíspokana. Síðar í haust verður fyrirkomulag á innleiðingu pappírspoka kynnt nánar þannig að við íbúar getum verið tilbúin á nýju ári. Flokkun gengur almennt vel við heimili í Árborg og vil ég hrósa íbúum fyrir að hafa tekið vel í innleiðingu nýja flokkunarakerfisins. Höldum áfram á sömu braut og hjálpumst að við að halda sorphirðugjöldunum í lágmarki með góðri flokkun.

Grenndarstöðvar taka á sig breytta mynd

Með breytingum á sorphirðu í sveitarfélaginu hefur verið til skoðunar að breyta uppsetningu grenndarstöðva. Er þá bæði verið að skoða staðsetningar, útlit og aðgengi notenda og sorphirðu aðila að þeim. Umhverfisnefnd Árborgar samþykkti á fundi sínum 19. september sl. að hefja endurnýjun á grenndarstöðvum í Árborg þar sem íbúar geta komið með málma, gler og textíl til flokkunar. Grenndarstöðvarnar munu breytast talsvert í útliti og lögun og samþykkti nefndin að fyrsta nýja

grenndarstöðin yrði opnuð við Stað á Eyrarbakka síðar í haust.

Útboð á ýmsum rekstrarþáttum

Sveitarfélagið Árborg hefur á undanförunum mánuðum farið í verkannanir og útboðum á ýmsum þjónustupáttum með það að markmiði að lækka rekstrarkostnað. Þar má nefna þjónustu á við banka- og tryggingaþjónustu, ræstingu og fleira. Heilt yfir hefur ferlið skilað góðum árangri og Sveitarfélagið Árborg fengið hagstæð tilboð í þessa þjónustupátti. Það er mikilvægt að sveitarfélagið viðhafi svona ferli reglulega bæði til að endurskoða hvern þjónustupátt og fá eins hagstæð verð og hægt er hverju sinni.

Nú þegar september er að klárast er ekki úr vegi að minnast á menningarmánuðinn október þar sem boðið verður upp á fjölda skemmtilegra menningarviðburða um allt sveitarfélagið. Má þar nefna menningar- og fræðslugöngur, fjölbreytta tónleika, myndlistarsýningar, bókasafnsbíó og fleira svo allir ættu að finna sér eitthvað við hæfi. Hægt er að kynna sér dagskrá menningarmánaðarins á www.arborg.is.

Bragi Bjarnason, formaður
bæjarráðs og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg



ReSound

rediscover hearing

(((HEYRN)))

HEYRNARÞJÓNUSTA

Kæru Sunnlendingar
Verðum á Selfossi í Grænumörk 5.
Fimmtudaginn 12. október.

Verið velkomin

Heyrðu umskiptin
Fáðu heyrnartæki til reynslu

Heyrn, Hlíðasmára 19, Kópavogur, heyrn@heyrn.is

Tímapantanir - 534 9600

Nánari upplýsingar
www.heyrn.is



Breytt útlit grenndarstöðva í Árborg

KÓTELETTUKVÖLD

Í ÞINGBORG 2023

Hið stór skemmtilega kótelettukvöld verður haldið á vetrardaginn fyrsta í Þingborg, laugardagskvöldið 28. október nk.

Húsið verður opnað kl. 19.30. Hátíðin sett kl. 20.00

Allur ágóði rennur til Flóamannabókar, Villinga-holtshreppurinn er næstur.

Skemmtidagskrá

Borðhald:

- Við borðum kótelettur í raspi ásamt tilheyrandi meðlæti (þökk sé íslenska bóndanum).
- Eftirréttur Kjörís og kaffi.
- Gos, rautt og hvítt og bjór er selt af bar.



Skemmtidagskrá:

- Guðni Ágústsson veislustjóri
- Karlaþórinn Öðlingarnir úr Rangárvallasýslu syngja undir stjórn Guðjóns Halldórs Óskarssonar
- Hapdrætti aldarinnar!



Miða og borðapantanir hjá eftirtöldum aðilum:

Guðrún Tryggvadóttir - s. 894 4448 - grenigrund@islandia.is

Sigmundur Stefánsson - s. 898 6476 - sigmundurstef@gmail.com

Aðalsteinn Sveinsson - s. 860 7714 - adalsteinnkolsholti@gmail.com

Þingborg tekur 200 manns í sæti, gott að panta miða sem fyrst.

Miðaverð 8.000 kr.



Hapdrætti

Forystusauður frá Ytra Álandi

Folatollur undan Skugga-Sveini, Kristínar og Trausta í Austurhlíð. Hátt dæmdur fimm vetra með 8,56 fyrir hæfileika og aðaleinkunn 8,44. F. Hrannar frá Flugumýri og M. Von frá Langstöðum

Gisting fyrir tvo og þriggja rétta kvöldverður á Hótel Kríunesi Kópavogi

Gisting fyrir tvo og þriggja rétta kvöldverður á Hótel Selfoss

Flóamannabók Hraungerðishreppur

Flói bernsku minnar eftir Guðna Ágústsson

Í Skugga Gaulverjabæjar eftir Jón M. Ívarsson

Hallgerður Langbrók

Fögnum vetrinum hann hefur sína töfra, þökkum gott sumar.
Þið eruð öll hjartanlega velkomin meðan húsrúm leyfir.

GÓÐA SKEMMTUN!

GERIR HEIMINN BETRI MEÐ RÓFUFRÆJUM

Sandvíkurrófan er grænmeti sem flestir Íslendingar ættu að kannast við. Fjóla Signý Hannesdóttir úr Stóru-Sandvík, hefur tekið það að sér, allt að því ein síns liðs, að viðhalda sjálfbærni Íslenska gulrófustofnsins, en hún er sú eina hér á landi sem ræktar rófufræ til sölu.

Fjóla Signý er sem fyrr segir, sveitastelpa frá Stóru-Sandvík. Fjóla er yngst fimm systkina, hefur alltaf unað sér best í sveitinni og segir blaðamanni Dagskrárinnar að hún sé hæstánægð með að vera loksins flutt aftur heim í Sandvík, eftir að hafa aðeins kannað aðra möguleika samhliða skóla, íþróttum og vinnu. „Ég er nú búin að byggja mitt eigið hús í Stóru-Sandvík og bý þar með mannum mínum, Jóni Steinari Sandholt, og tveimur dætrum okkar, Árdísi Lóu og Lilju Magneu. Sveitin er þó aðeins áhugamál, en aðal starfið mitt er í Reykjavík. Þar rek ég heildverslun og verslunina Fætur toga, sem flytur inn og selur íþróttavörur. Dæmi um vörumerki sem ég er með umboð fyrir eru Brooks, Fusion, Oofos ofl. Rófuræktunin er áhugamál sem ég þyrfti að vera mjög stórtæk í til þess að eiga möguleika á að hafa það fyrir lífsviðurværi,“ segir Fjóla í samtali við Dagskrána.

Ekkert rófufræ ræktaði á

„Það ættu allir að reyna að gera heiminn betri með því að vera til og gera eitthvað fyrir samfélagið. Mitt framlag er rófufræsæktun. Með því að rækta rófufræ fyrir bændur á Íslandi, viðheld ég sjálfbærni Íslands í rófurækt. Hinsvegar eru ákveðnar takmarkanir á því hvað ég hef mikinn tíma og pening til að gefa í þetta og í ár ræktaði ég til dæmis ekkert rófufræ. Bæði var ég önnur kafin og svo kramdist annað gróðurhúsið undir snjó síðasta vetur og ég á enn eftir að laga það. Síðasta uppskera var góð en mér þykir líklegt að Sandvíkurfræið verði uppselt næsta vor, en samkvæmt síðustu tölum sem ég heyrði eru um 1100 tonn af rófum ræktað árlega sem passar miðað við framleiðsluna á rófufræjum sem ég sel til annara bænda,“ bætir Fjóla við.

Fjóla og pabbi hennar, Hannes Jóhannsson áttu saman fyrir tækið Skálpur slf. sem hefur sérhæft sig í gulrófnarækt til matar og ræktunar á rófnafra. Hannes lést núna í júlí og því er hún ein að halda áfram hans ævistarfi. Hannes nam við Garðyrkju-skóla ríkisins og útskrifaðist þaðan sem garðyrkjufræðingur árið 1972. Hann stundaði ræktun matjurta í áratugi og ræktun gulrófna allt frá árinu 1970 og hafði því mikla reynslu á því sviði. Fyrirtækið Skálpur var stofnað árið 1979 en Fjóla hefur, sem fyrr segir, tekið við rekstri fyrirtækisins.

Fjóla og pabbi hennar, Hannes Jóhannsson áttu saman fyrir tækið Skálpur slf. sem hefur sérhæft sig í gulrófnarækt til matar og ræktunar á rófnafra. Hannes lést núna í júlí og því er hún ein að halda áfram hans ævistarfi. Hannes nam við Garðyrkju-skóla ríkisins og útskrifaðist þaðan sem garðyrkjufræðingur árið 1972. Hann stundaði ræktun matjurta í áratugi og ræktun gulrófna allt frá árinu 1970 og hafði því mikla reynslu á því sviði. Fyrirtækið Skálpur var stofnað árið 1979 en Fjóla hefur, sem fyrr segir, tekið við rekstri fyrirtækisins.

Viðskiptafræðin varð Skálpi til framdráttar

Fjóla hefur frá blautu barnsbeini tekið þátt í öllum sveitastörfum. „Þegar ég byrjaði í háskólanum 2009, fór ég að læra viðskiptafræði. Þar voru ýmis verkefni og ég tók alltaf Skálp, rófufyrirtækið, fyrir og gerði greiningu. Ég kom með ýmsar leiðir til að bæta reksturinn og bæta skipulagið.



Rófur hafa verið ræktaðar í Stóru-Sandvík frá árinu 1970. Mynd: Aðsend.

Pabbi var farinn að vera lélegur og þurfti alltaf meiri og meiri stuðning. Við systkinin komum svo öll inn í þetta þegar pabbi gat lítið unnið, svo dattu bræður mínir út og síðast Jóhanna systir. Þetta endaði með því að ég var sú eina sem hafði áhuga á þessu og hélt áfram,“ bætir Fjóla við.

Rófurnar í Sandvík eru allar teknar upp með handafli. „Ég er ekki með marga hektara og það var að reynast mun betur að taka upp með höndunum, við létum reyna á vélar en rófurnar skemmdust mikið við þær aðfarir. En helsta hindrunin var að það var ekki hægt að fara með upptökuvél út í garð ef það var rigning eða búið að rigna mikið sem er oft raunin á haustin. Einnig kom fyrir að vélin bilaði og þá voru allir sendir heim. Það hefur gengið mun hraðar og reynst betri nýting að taka upp með höndunum. Það er líka svo skemmtileg stemning þegar það mæta margir og rífandi gangur í fólki. Það er hollt fyrir alla að fara aðeins út og róta í moldinni. Við notum hinsvegar vél við sáningu, sáningarvél sem er dregin áfram af traktor og aðra þreskivél til að þreskja fræið. Árið 2021 var staðan þannig að vélinni, sem áður var notuð til þreskingar, hafði verið komið fyrir á safni á Hvanneyri. En það var þá sem ég komst

að því að það var enginn að rækta fræ til sölu á Íslandi nema ég. Ég brá því á það ráð að fjárfesta í þreskivél frá Austurríki. Uppskeran er í kringum 100 þekar af fræi á ári, sem gefur um 18kg af rófufræi. Það væri ekki mögulegt að gera það í höndunum,“ segir Fjóla, en á skemmtilegri Instagramsíðu Skálps sýnir Fjóla allt um það hvernig fræin eru þreskuð, auk þess sem hún fræðir fylgjendur sína um rófur, uppskriftir og fleira.

Öllum velkomið að vera með

Fjóla þiggur alla hjálp sem hún getur fengið við uppskeruna, enda er þetta framtakssama áhugamál ekki smátt í sniðum. „Ég auglýsi alltaf eftir fólki í upptöku. Það er öllum velkomið að vera með og ekki er gerð nein krafa um að vera allan tímann. Það hefur aukist mikið að fjölskyldur séu að koma í 1-2 klst, taka upp rófur og fá rófur með sér heim að launum. En ég hef einnig verið að borga smá laun fyrir þau sem vilja koma og vinna sér inn smá auka pening. Við kláruðum að taka allt upp um síðustu helgi, en uppskeran í ár var 32 sekki, eða 24 tonn, sem er vel yfir meðallagi, þrátt fyrir að sumarið hafi verið þurrt, ég hafi sáð seint og minna en oft áður. Ég tók loforð af þabba áður en hann dó um að hann



Fjóla Signý og Laufey Einarssdóttir á góðri stund við uppskeruna.



Sandvíkingarnir Sigríður Elva Jónsdóttir og Vigdís Katla Guðjónsdóttir. Mynd: Aðsend.



Vinnufólkið var á öllum aldri. Mynd: Dagskráin/Árni Reynir Óskarsson.

yrði áfram með mér í rófunum og við systurnar erum handvissar um að þessi ríkulega uppskera sé honum að þakka.“

Mæta úr borginni í sveitastörf

Fjóla segir að upphaflega hafi það aðallega verið fjölskyldan sem hjálpaði til. „Það eru vissulega ennþá frændur og frænkur sem koma og við erum svo þakklát öllum sem koma og leggja hönd á plóg, pabbi var líka alltaf svo þakklátur öllum sem komu og hjálpuðu okkur í upptökunni, við gætum ekki gert þetta án þeirra hjálpar. Nú er farin að myndast skemmtileg stemning með fleira fólki sem kemur frá Selfossi eða jafnvel Reykjavík sem langar að fá að komast í smá sveitstörf. Krakkar úr sveitinni hafa verið dugleg að hjálpa mér, margir komið frá Eyði-Sandvík. Jóhanna systir hefur komið og verið dugleg að auglýsa fyrir mig. Bragi Fyolf hjálpar mikið en hann er sjálfur með rófur og hann fær að geyma rófur í mínun kæli að launum fyrir hjálp í vor- og haustverkum.“

Fjóla segir það skemmtilegasta í ferlinu vera að sjá fræið/rófurnar vaxa. „Svo er það góð útrás að vinna í sveitinni. Hreinsar hugann og brýtur upp vikuna frá daglegu amstri þar sem launaða vinnan mín er mest í tölvu. Það er líka mjög gaman þegar margir mæta í garðinn eins og ég minnstist á áðan, þá gengur vel að taka upp, tónlist og skemmtilegt stemming. Það er alveg æðislegt. Maður sefur vel eftir slíkan vinnudag.

„Ég ætla að koma og gera frétt“

Mörg skemmtileg atvik eiga sér stað á uppskerudögum í Sandvík. „Það var



Fjóla Signý ásamt aðstoðarfólki og afrakstrinum, en fimm sekkir voru stútfylltir af sandvíkurrófum sl. sunnudag. Mynd: Aðsend.

skemmtileg tilviljun í fyrra þegar við vorum í miklu stuði í garðinum og Sigga Jó frænka segir: „Nú vantar bara Magnús Hlyn til að gera frétt úr rófugarðinum.“ Og það stóð ekki á því að Magnús Hlynur hringir í mig um það bil fimm mínútum

síðar, eins og hann hefði heyrt í Siggu. Hann spurði hvort við værum að taka upp rófur og sagðist ætla að koma og gera frétt,“ segir Fjóla og hlær.

En hvernig hefur þróunin verið á þeim árum sem Fjóla hefur verið í rófubrans-

anum? „Þeir sem rækta rófu hafa flestir stækkað við sig. Í dag eru færri að rækta og þeir rækta þeim mun meira. Mér finnst einnig vera smá kynslóða-uppfærsla og ég hef t.d. fengið tæki lánuð frá Sævari í Arabæ. Hann er með mun stærri ræktun en ég. Hann á því tæki og tól sem ég get ekki fjárfest sjálf í og fæ lánað 1x á ári hjá honum til að einfalda vinnuna. Mér finnst rófubændur vera lítið samfélag og ef það er beðið um aðstoð eða ráð eru menn tilbúnir að hjálpa eins og hægt er.“

Hvaða ráð myndi Fjóla gefa fólki sem gæti haft áhuga á því að prófa sig áfram í rófurækt? „Það er mikilvægt að hafa gaman af þessu því þetta er mikil vinna. Það er best að plægja garðinn á haustin. Það er líka mikilvægt að kynna sér hvaða skilyrði rófan þarf til að vaxa; jarðvegur/ áburður og svo má ekki gleyma að það þarf að nota kálfflugudúk, (eða eitra) en annars skemmist uppskeran því allt verður maðkétíð.

Við báðum Fjólu um hennar uppáhalds rófu-uppskrift til að deila með lesendum, nú þegar aðgengi að glænýjum Sandvíkurrófum er á hvers manns færi í næstu matvöruverslun. „Það er ekkert betra en að fá sér nýjar ferskar rófur á haustin. Það er í mestu uppáhaldi hjá mér, en ég bjó einu sinni til rófupizzubotn sem mér finnst æðislegur og skal glöð deila uppskriftinni að honum með ykkur,“ HGL



Hannes Jóhannsson rófubóndi, ungur að árum. Hann lést í sumar. Mynd: Aðsend.



Oddur Sigurðsson, Jens Sigurðsson, Finnboogi Gunnarsson og Sigríður Kristín Jóhannsdóttir. Jens og Sigga eru úr Sandvík. Hin voru í sveit sem krakkar. Það var mikið fjör hjá þeim að hittast aftur í rófuupptökunni. Mynd: sunnlenska.is/ Jóhanna S. Hannesdóttir.

Rófupizzubotn Fjólu

Kostirnir við þennan botn að mínu mati eru að hann er hollur, glútenlaus, sykurlaus, næringarríkur, hrikalega bragðgóður og þéttur í sér svo það er hægt að halda á pizzusneiðinni, hann verður ekki of þunnur og molnar ekki.

Innihald

- 1 lítil Sandvíkurrófa rifin niður og safinn kreistur úr (eftir að það var búið að kreista safann úr vó það 142gr. hjá mér)
- 1/2 bolli chia fræ

- 1/2 bolli möndlur
- 1/2 bolli haframjöl
- 1-2 msk. af oregano krydd
- 1/3 bolli rifinn parmesan-ostur
- 3 hvítlauksrif
- 3 msk. olía
- 3 dl rifin ostur
- 1 egg
- 3 kúfullar msk. maísmjöl
- 2 tsk. hvítlaukssalt

Hita ofninn í 180°C með blæstri. Setja chia fræin, möndlurnar, hafra-

mjölið og oregano saman í blandara/ matvinnsluvél og maukið saman. Flysja rófunu, rífa hana niður og að lokum kreista allan safann úr. Blanda saman rófunni (sem er búið að kreista) og maukinu úr blandaranum Bæta restinni við og hræra svo þetta blandist vel saman Setja blönduna á bökunarplötu með smjörpappír og hnoða þetta enn betur saman og að lokum pressa það niður og dreifa úr því. Þessi uppskrift fyllir heila plötu með ca. 1 cm botni. Ég notaði

bara hendurnar til að pressa og dreifa úr. Það væri hægt að leggja smjörpappír ofan á og fletja það þannig út með höndum eða kökukefli. Baka í 15 mín, taka botninn út og snúa honum við. Leggur smjör pappír ofan á og bökunarplötu og snýrð við. Bakar í 5 mín til viðbótar. Setur allt uppáhalds áleggjið þitt á pizzuna og bakar í 10 mín til viðbótar. Verði þér að góðu og njóttu!

Opin söngstund í Selfosskirkju

Sunnudaginn 8. október kl. 18:00, verður opin söngstund í Selfosskirkju með kór kirkjunnar. Sérstakur gestur verður Björgvin Þ. Valdimarsson. Kórinn mun syngja lög eftir Björgvin og hann segir frá sér og lögunum sínum. Þá munu félagar úr Kirkjukór Selfosskirkju syngja einsöng. Að auki verða á dagskránni lög og sálmar sem allir þekkja. Við hvetjum alla til að mæta, taka undir í söngnum og eiga um leið notalega stund í kirkjunni okkar. Stjórnandi



Kirkjukórs Selfosskirkju er Edit A. Molnár og undirleikari er Miklós Dalmay.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Kjörstaður í Mýrdalshreppi vegna pólsku þingkosninganna

Kosningar í Póllandi verða haldnar 15. október nk. Af því tilefni hefur pólska sendiráðið, í kjölfar hvatningar Tomasz Chochołowicz, formanns enskumælandiráðs Mýrdalshrepps, ákveðið að bjóða upp á kjörstað í Vík sama dag. Allir pólskir ríkisborgarar með kosningarétt geta kosið á kjörstaðnum í Vík með þeim skilyrðum að þeir skrái sig fyrir 10. október. Skráning fer fram á heimasíðu pólska ríkisins.

Í byrjun árs 2022 bjuggu á Íslandi 21.155 pólskir ríkisborgarar og þar af 1.917 einstaklingar á Suðurlandi, sem gerir um 9% af heildinni. Samkvæmt nýlegri frétt á rúv.is segir að 21 milljón Pólverja búi erlendis og þar af hafi aðeins 300.000 þeirra kosið í síðustu þingkosningum sem haldnar voru árið 2019. Í Mýrdalshreppi bjuggu í ágúst sl. alls 971 íbúar, rúmlega 50% þeirra eða 597 eru með erlent ríkisfang. Pólskir ríkisborgarar í Mýrdalshreppi voru á sama tíma skráðir 276 sem er um 28% af heildarfjölda íbúa sveitarfélagsins og 46% erlendra íbúa.

Enskumælandi ráð í Mýrdalshreppi frá 2022

Til að gefa nýbúum tækifæri á að hafa aukin áhrif og möguleika á að taka þátt í nefndarstörfum á vegum sveitarfélagsins setti Mýrdalshreppur á lagginar enskumælandi ráð haustið 2022. Eins og segir á heimasíðu Mýrdalshrepps: „Þetta tilraunaverkefni hefur gengið vonum fram og hefur ráðið verið starfsfólki og nefndum



Tomasz, formaður enskumælandi ráðs Mýrdalshrepps. Mynd: Aðsend.

sveitarfélagsins innan handar og veitt ráðgjöf og innsýn inn í hagsmunamál nýbúa á svæðinu sem annars hefðu ekki fengist. Ráðið hefur einnig verið ötul við að kynna þjónustu sveitarfélagsins fyrir nýbúum og koma með ábendingar hvar sveitarfélagið gæti komið betur til móts við einstaklinga af erlendum uppruna.“

Lýðfræðiverkefnið – C.1 sértækt verkefni

Árið 2023 fékk SASS í samstarfi við Kötlusetur í Mýrdalshreppi, styrk að upphæð 13,5 m.kr. úr sértækum verkefnum Byggðaaætlunar C.1 til þess að fara af stað með annan hluta af fjórum í verkefnaröðinni „Aðgerðaráætlun um sjálfbæra lýðfræðilega þróun miðsvæðisins“. Í fyrsta hluta verkefnisins voru viðhorf erlendra ríkisborga á svæðinu til samfélagsins, þjónustu og upplýsingamiðlunar skoðaðar og hvað sveitarfélögin á svæðinu gætu gert til þess að ýta undir að

erlendir íbúar hér að til lengri tíma.

Annar hluti verkefnisins sem nú er í gangi miðar að því að nýta þessar niðurstöður til þess að styðja sveitarfélögin Rangárhrepp eystra, Mýrdalshrepp, Skaftárhrepp og Hornafjörð við gerð móttökuáætlana fyrir sín svæði, ásamt því að vinna að sértækum verkefnum innan sveitarfélaganna til að auka inngildinu nýbúa á svæðinu og minnka íbúaveltu.

Verkefnisstjóri verkefnisins er Huguína Sigurðardóttir, fyrir frekari upplýsingar má hafa samband við Huguínu á tölvupóstfangið fjolmenning@vik.is.

Sveitarfélögin á Suðurlandi eru hvött til þess að deila upplýsingum um kosningarnar á heimasíðum sínum og miðla þessum upplýsingum áfram til pólskra ríkisborgara sem búsettir eru í þeirra sveitarfélögum í von um að sem flestir geti nýtt sér kosningaréttinn sinn og/eða nýjan kosningarstað í Vík. SASS

Byggðaðróunarfulltrúar á vinnufundi í Skálholti

Byggðaðróunarfulltrúar á Suðurlandi hittumst á dögunum til vinnufundar ásamt starfsmönnum SASS. Var fundað í Skálholti með það að markmiði að styrkja samstarfið, efla tengsl og rýna hlutverk byggðaðróunarfulltrúa með sérstakri áherslu á leiðtogafærni og ráðgjafarþjónustu.

Til liðs við hópinn var leiðtogarþjálfarinn, lögfræðingurinn og viðskiptafræðingurinn Elmar Hallgrím Hallgrímsson sem leiddi hópinn í gegnum þjálfun í leiðtogafærni. Þegar hlutverk byggðaðróunarfulltrúa eru rýnd, sem snúa meðal annars að því hvetja fólk áfram til góðra verka og að tengja saman einstaklinga, fyrirtæki og verkefni, er ljóst að leiðtogafærni getur komið sér afar vel. Elmar mun fylgja þjálfuninni eftir með því að koma inn á vikulega fundi byggðaðróunarfulltrúa í nokkur skipti.

Í lok dags fékk hópurinn að kynna Uppsveitum Árnessýslu örlítið betur. Hófst það með áhugaverðri kynningu um Skálholt, en svæðið er svo sannarlega áhugavert. Með sanni má segja að saga Skálholts hafi mikið menningarlegt gildi og sérlega gaman að heyra sögu staðarins allt aftur til fornaldar. Því næst var haldið í Friðheima þar sem einn stofnanda og eigenda Friðheima, Knútur Rafn Ármann, tók hópinn í afar áhugaverða kynningu um fyrirtækið, upphaf þess og framgang.

Alls eru starfandi byggðaðróunarfulltrúar á sex atvinnusóknarsvæðum af sjö á Suðurlandi. Fólk er hvatt til að kynna sér nánar þá þjónustu sem byggðaðróunarfulltrúar hafa upp á að bjóða, m.a. í formi ráðgjafarþjónustu.

Sjá nánar hér; www.sass.is/radgjof.



Frá vinstri: Ásborg Arnþórsdóttir, Kristín Vala Þrastardóttir, Ingunn Jónsdóttir, Huguína Harpa Reynisdóttir, Elísabet Björney Lárusdóttir, Harpa Elín Haraldsdóttir, Stefán Friðrik Friðriksson, Lína Björg Tryggvadóttir, Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Þórður Freyr Sigurðsson og Hörður Baldvinsson.

Miðvikudaginn 11. október kl. 9
Hilton Nordica

Skráning á
landsvirkjun.is

Leyfum okkur græna framtíð

Haustfundur Landsvirkjunar

Ávarp

Guðlaugur Þór Þórðarson

umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

Erindi

Vinnur tíminn með okkur? Um leyfisveitingaferli virkjana á Íslandi

Jóna Bjarnadóttir

framkvæmdastjóri Samfélags og umhverfis

Áskoranir og tækifæri í fullseldu raforkukerfi

Gunnar Guðni Tómasson

framkvæmdastjóri Vatnsafls

Orkuskiptasýn til 2035

Sveinbjörn Finnsson

forstöðumaður verkefnaþróunar og ráðgjafar

Raforkueftirspurn Íslands til 2035

Jónas Hlynur Hallgrímsson

sérfræðingur í viðskiptagreiningu og þróun markaða

Pallborð

Guðlaugur Þór Þórðarson

umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

Halla Hrund Logadóttir

orkumálastjóri

Hörður Arnarson

forstjóri

Fundarstjóri

Þóra Arnórsdóttir

forstöðumaður samskipta

 **Landsvirkjun**



ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

**Bókhald - ráðgjöf
skattskil**

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfoss
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

**Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti**

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL
Opin fimmtudaginn
5. október kl. 13-14:30.

OPIÐ HÚS
Fimmtudaginn
5. október kl. 14:45.
Sveinn Runólfsson fv. land-
græðslustjóri og Páll Hall-
dórsson flugstjóri segja frá
landgræðslustörfum.
Kaffi og kökur kr. 1.500.
Kaffi kr. 200.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

ÞJÓNUSTA



GRUNNSTODIR

• HEITGALVANISERAD ÚRVALSSTÁL
• FASTUR KOSTNAÐUR
• HENTAR FYRIR HVERSKYNS JARÐVEG
• MIÐIG ÚRVAL TILBÚNA FESTINGA
• 10 ÁRA REYNSLA

ECO HELIX PRO

**HÚSGRUNNAR TILBÚNIR Á
EINUM DEGI**

**ENGINN JARÐVEGSVINNA
ENGINN BIÐTÍMI**

SPARIÐ TÍMA OG PENINGA

866 4788 - 866 7500

GRUNNSTODIR.IS

KIRKJA

Þorlákskirkja
Guðsþjónusta kl. 11:00. Kór
Þorlákskirkju leiðir almannan
safnaðarsöng undir stjórn
Esterar Ólafsdóttur, organista.
Sóknarprestur þjónar. Verum öll
velkomin til kirkju.

Skálholtskirkja
Laugardaginn 7. október er
barnastarfi í Skálholtskirkju kl. 11
í umsjón Bergþóru Ragnars-
dóttur, djákna.
Messa kl. 11. Prestsþjónustu
sinnir sr. Axel Á Njarðvík og Jón
Bjarnason er organisti. Verðið öll
velkomin.

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Samkoma, sunnudagaskóli og
kaffiveitingar sunnudaginn 8.
október kl. 11:00 í Hvítasunnu-
kirkjunni Selfossi, Austurvegi
40B. English translation ava-
ilable. Allir innilega velkomnir.
www.selfossgospel.is.

Hrunakirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 8.
okt. kl. 11. Verðið öll hjartanlega
velkomin!

Ólafsvallakirkja
Hversdagsmessa mánudags-
kvöldið 9. okt. kl. 20. Kirkjukórinn
syngur undir stjórn Þorbjargar
Jóhannsdóttur organista. Verðið
öll hjartanlega velkomin!

Hrepphóllakirkja
Kyrreðarstund fimmtudaginn 5.
okt. kl. 20. Kirkjuskóli laugardag
kl. 11. Verðið öll hjartanlega vel-
komin!

Selfoskirkja
Sunnudagur 8. október. Messa
og sunnudagaskóli kl. 11. Kaffi
og djús í safnaðarheimilinu á
eftir.

Sunnudagur 8. október. Opin
söngstund kl. 18, sérstakur
gestur er Björgvin Þ. Valdimar-
son.

Þriðjudagur 10. október.
Þriðjudagssamvera kl. 14. Gest-
ur Ingunn Guðmundsdóttir.

Morgunbænir alla þriðjudaga,
miðvikudaga og fimmtudaga kl.
9:15.

HEILSA

Með **Dáleiðslu** má vinna að
úrbotum ýmiskonar
vandamála, líkamlegra sem
andlegra. Það má líka fara
aftur í tímann og sjá löngu
liðna atburði, hætta
reykingum og margt annað.

- Ég er líka með
augnlestur en með honum
má sjá ástand viðkomandi,
líkamlegt og andlegt. Þessu
fylgja ráð um hvernig breita
má hlutum til betri vegar.

- **Er einnig með Nudd og
svæðanudd** -

Heiðar Ragnarsson
Heilsulindinni í Miðgarði
s. 8981501



Mynd: Tölvuteikning/Mannverk

Undirbúa framkvæmdir við Árböðin í Laugarási

Fyrirtækið Mannverk er nú í óðaönn við undirbúning á framkvæmdum við nýtt baðlón, Árböðin, sem reisa á við bakka Hvítár í Laugarási í Bláskógabyggð. Áætlað er að framkvæmdir hefjist fljótlega eftir næstu áramót.

„Við vorum svo heppnir árið 2015 að komast yfir einstaka lóð á þessum frábæra stað, sem býður upp á fjölda tækifæra í umhverfi sem er ríkt af fegurð, jarðvarma og metnaði fyrir ýmis konar ræktun sem og ferðaþjónustu. Mikill metnaður er fyrir því að Árböðin verði glæsileg og upplifun gesta góð, en við hönnun lónsins var sérstök áhersla lögð á að um fjölbreytta upplifun gesta yrði að ræða, sem byði upp á margþætta upplifun, hvort sem væri í formri heitra eða kaldra baðsvæða, gufubaðs, slökunarrýma eða veitinga,“ segir Hjalti Gylfason, framkvæmdastjóri Mannverks.

Hjalti bætir við að á lóðinni sé að auki heimild fyrir hótélbyggingu og ráðgera eigendur að fara í þá uppbyggingu í kjölfar uppbyggingu lónsins. Hann segir það einnig vera von þeirra að uppbyggingin dragi að fleiri fyrirtæki í Laugarás, ásamt því að byggja frekar undir þá starfsemi sem þegar er í þorpinu.

T.Arki arkitektar sjá um arkitektúrinn og Efla verkfræðistofa sér um verkfræðihönnun. Segir Hjalti að báðir aðilar hafi viðtæka þekkingu og reynslu af sambærilegum verkefnum og að útkoman sé eftir því.

Í texta frá arkitekt verkefnisins segir að Árböðin séu hönnuð til að kalla fram, í heildrænni upplifun, það besta sem Suðurland getur boðið upp á; hvera-

laugar, víðáttumikið útsýni, matvælaframleiðslu, jökulár og blá fjöll í fjarska.

„Laugarás er augljóst staður fyrir böðin, með gnægð af heitu vatni og hefð fyrir ræktun í gróðurhúsum. Laugarás situr á mörkum Hvítár, nærri gullna hringnum og Skálholti. Staðsetning sem dregur fram sögu og náttúrugæði Suðurlands frábærliga. Árböðin sitja á landi sem hallar mjúklega í átt að Hvítá, með víðfermt útsýni upp í hálendi í fjarska, en Vörðufell og Hvítá í nærumhverfinu. Upplifun laugagesta byggist á röð útsýnis- og upplifunarstaða. Öðru megin við böðin má finna grýtta greniskóga, en hinumegin enda þau í grösugum túnum, sem gerir gestum kleift að upplifa fjölbreytta laugarupplifun frá íhuglum skógarlundum til opinna votlenda.“

„Arkitektúr þjónustuhússins situr á mörkum jarðmótunar og tjalds, og kallar fram íslenskar álfasögur, en í raun og veru er þetta nútímaarkitektúr, sprottinn úr blöndu af hellum Kelta á Suðurlandi og nútíma byggingatækni. Niðurstaðan er nútímaleg og björt aðstaða, sem kallast á við sögu svæðisins. En efnisleg áhersla verður lögð á sjálfbærar íslenskar skógarafurðir úr nágrænninu.“

„Ólíkt öðrum laugaupplifunum á Íslandi, munu Árböðin nýta sér frábær veðurskilyrði á staðnum og matarmenningu svæðisins til að bjóða gestum sínum upp á upplifun til lengri eða skemmri dvalar sem er til þess fallin að tengjast náttúruaðstaðum og staðbundinni menningu Suðurlandsundirlendisins.“

FUNDIR

Vöflukaffi
Vöflukaffi verður laugar-
daginn 7. okt. Gestur
verður Arnar Freyr
Ólafsson er mun ræða um
bæjarmál í Árborg.

Allir velkomnir.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?**

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar í
blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Gefðu persónulegar jólagjafir í ár

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**.



Nám í pípulögnum í Fjölbrautaskóla Suðurlands

ÍFSu er námsframboð fjölbreytt enda upptökusvæði skólans stórt og víðfemt. Í lögum um framhaldsskóla segir að skólum beri að mæta hverjum nemanda og bjóða fjölbreytt nám.

Nemendum skólans hefur fjölgað með árunum og er það ekki síst að þakka miklum áhuga á verk- og starfsnámi.

Við heyrum árlega að ekki hafi tekist að veita öllum nemendum skólavist í það nám sem bæði nemendur úr grunnskólum og eldri nemendur sækja um í. Það ræðst ekki bara af því að nemendur uppfylli ekki skilyrði námsins heldur er oft ekki pláss í náminu vegna aðstöðuleysis, vöntunar á kennurum eða mikillar aðsóknar. Það skal tekið fram að nemandi undir 18 ára aldri nýtur fræðsluskyldu sem hefur í för með sér að uppfylli hann inntöskulýrði gengur hann fyrir nemanda sem er eldri en 18 ára um pláss í námi.

Svar okkar við þessari stöðu gagnvart eldri nemendum var að stofna síðdegisnám í húsasmíði og rafvirkjun á vorönn 2021. Það gafst vel og tókst að fylla báða hópa. Nemendurnir í húsasmíði eru á leið, nemendur í rafvirkjun ljúka námi í rafvirkjun í desember. Kennslan sneri eingöngu að fagbóklegu og verklegu námi í iðngreininni. Það þarf seiglu og úthald til að vera í námi með vinnu og hafa nemendur okkar sýnt að sé áhugi nægur gengur það. Ekkert brottfall er t.d. í rafvirkjuninni.



Einstaklingur sem unnið hefur í ákveðinni iðngrein í a.m.k. 3 ár og er orðinn 23ja ára á rétt á að fara í raunfærnimat í grein sinni. Það gengur út á að meta reynslu og færni viðkomandi til eininga sem nýtist beint í það nám sem við á. Íðan fræðslusetur annast skipulag slíks mats og auglýsir í gegnum fagfélög iðngreina. Hægt er að lesa meira um raunfærnimat á vef Iðunnar.

Að undanförunu höfum við stjórnendur FSu átt gott samtal við fagaðila í pípulögnum og afrakstur þess er að stefnt er á að hefja nám í pípulögnum á vori komandi. Námið tekur 4 annir (2 ár) og verður kennt síðdegis eins og „kvöldskólinn“ sem nefndur var hér að ofan. Einnig er kennt annan hvern laugardag fyrir hádegi. Þessi áætlun fer að sjálfsgöðu eftir því hvort okkur takist að fá nægilega marga nemendur í námið eða a.m.k. 12

nemendur. Aðstaða fyrir pípulagnir er ekki til staðar í Hamri, verknámshúsi okkar ennfá en undirbúningur og útfærsla þess ræðst af áhuga meðal verðandi pípara.

Þessi stefna mun líka byggja á að fyrirtæki í pípulögnum sem eru með starfsfólk á menntunarsjái hag í að hvetja sitt starfsfólk til náms og styrki skólann í að koma náminu af stað.

Því viljum við hvetja áhugasama til að hafa samband við skólann og leita frekari upplýsinga og sækja um hið fyrsta. Umsóknareyðublað er að finna á www.fsu.is

Það er von okkar í FSu að okkur takist að efla iðn- og starfsnám í skólann og styrkja þar með okkar öfluga skóla enn frekar.

Olga Lís Garðarsdóttir, skólameistari FSu

Litla Hryllingsbúðin frumsýnd á föstudag

Föstudaginn 6. október frumsýnir Leikfélag Hveragerðis söngleikinn vinsæla um Litlu Hryllingsbúðina. Litla Hryllingsbúðin er sígildur söngleikur, fullur af humor, góðri tónlist, heillandi persónum og krassandi söguþræði. Baldur Snær þrælur alla daga í blómabúð Markúsar á Skítþró og dreymir um ástir Auðar, en hún er í tygjum við leðurklæddan tannlækni með kvalarlost. Dag einn uppgötv- ar Baldur dularfulla plöntu sem á eftir að breyta lífi hans.

Söngleikurinn var upphaflega frumsýndur á Broadway árið 1982 og var sýndur samfleytt í 5 ár. Árið 1986 var gerð kvikmynd byggð á söngleiknum sem náði miklum vin-



sældum. Leikritið var frumflutt á Íslandi árið 1985 og hefur verið sett upp í þriggja hjá atvinnuleikhúsum ásamt því sem nokkur áhugaleikfélög hafa spreytt sig á verkinu. Höfundur er Howard Ashman en Alan Menken samdi tónlistina. Íslenska þýðingu gerði snill-

ingurinn Gísli Rúnar Jónsson og hinn eini sanni Megas þýddi bundið mál. Leikstjóri er Jóel Sæmundsson.

Leikfélagi Hveragerðis þótti rökrétt að setja upp þetta verk sem gerist að mestu í blómabúð og fjallar um illgjarna plöntu, enda er Hveragerði þekkt sem blómabærinn. Átta leikarar fara með fjölmörg hlutverk í sýningunni en alls koma um 20 manns að uppfærslunni.

Frumssýning verður sem fyrir segir föstudaginn 6. október. Miðasala er á TIX.is og nánari upplýsingar er að finna á síðu Leikfélags Hveragerðis á Facebook. Sýningar hefjast kl. 19.30 og er sýnt í Leikhúsinu Austurmörk 23.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert 
SÍMI 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir



Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - SÍMI 892 2136
www.hrt.is



ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - SÍMI 888 8001
Guðjón - SÍMI 888 8002
800lagnir@800lagnir.is



ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Aktursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 SÍMI: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
SÍMI 482 1980



Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

SÍMI 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is



Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is